



Fundargerð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 27. apríl 2020, kl. 14:00. Mættir eru Embla Dögg Jóhannsdóttir Bachmann,
Tómas Sigurgeirsson og Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir. Auk þess situr sveitarstjóri fundinn og ritar
fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Umhverfisdagurinn.

Nefndin leggur til að í stað umhverfisdags verði maí umhverfismánuðurinn í ár. Vegna Covid-19 mun ekki verða hægt að halda grillveislu. Formanni nefndarinnar falið að búa til auglýsingu og auglýsa. Umráðamenn iðnaðarlóða hugi einnig að umgengi.

2. Sorpsvæðið.

Bæta þarf umgengi á svæðinu og að þeir sem koma með rusl gangi frá því á rétta staði. Athuga opnunartíma sem gæti hentað betur fyrir íbúa og á opnunartíma sé maður á svæðinu. Bæta þarf merkingar á svæðinu. Sveitarstjóri ræði málin við þá sem sjá um svæðið. Athuga með kostnað vegna rampa á svæðinu.

3. Sorpumhirða í þorpinu.

Þarf að huga að ruslatunnum í þorpinu yfir sumartímann. Athuga með rulsatunnur við Barmahlíð. Formaður nefndarinnar og sveitarstjóri gangi í málið. Formanni falið að hafa samband við heilbrigðiseftirlitið vegna ólöglegra ökutækja.

4. Ruslafötur við leiguhúsnæði.

Koma þarf ruslafötum fyrir hjá þeim sem eru í leiguhúsnæðum hjá sveitarfélaginu því þær eru til. Sveitarstjóri ræði við þá sem sjá um það.

5. Sorpsamlag- samstarf.

Sveitarstjóri fer yfir málið varðandi Sorpsamlag Strandasýslu. Nefndin vill að haldið sé áfram viðræðum við sorpsamlagið. Nefndin taki saman lista til að nýta í viðræðum.

Önnur mál: (ef einhver)
